Borgarráð

Reykjavík, 9. nóvember 2026
USK26110101

Kirkjuteigur 24, Laugarnesskóli - Viðauki I við leigusamning við Terra einingar

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki meðfylgjandi viðauka við húsaleigusamning við Terra einingar ehf., kt. 711292-3309, um húsnæði að Kirkjuteig 24, við Laugarnesskóla

Greinargerð:
Að ósk Skóla- og frístundasviðs var óskað eftir að eignaskrifstofa tæki á leigu 177,8 fermetra af einingum sem eru aðlagaðar voru undir starfsemi fyrir grunnskóla. Húsnæðið hefur verið nýtt sem skólahúsnæði fyrir Laugarnesskóla frá september 2020.
Að ósk Skóla- og frístundasviðs og viðhaldsdeildar Umhverfis- og skipulagssviðs var óskað eftir að leigusali endurnýjaði einingar með afkastameiri loftræsingu.

Viðauki þessi er tímabundinn í 36 mánuði frá afhendingu og að þeim tíma liðnum framlengist í ótímabundinn með gagnkvæmum uppsagnarfrestur sem verður 6 mánuðir. Húsaleiga var 1.104.535 krónur á mánuði en verður kr. 1.206.339,- á mánuði.

Gert verði ráð fyrir þessum kostnaði í ramma Skóla- og frístundasviðs.

Virðingarfyllst,
Ólöf Örvarsdóttir
Sviðsstjóri
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt:
Undirritaður viðauki I við Terra einingar

Reykjavík

Fullgild rafræn undirskrift
RAGNHEIÐUR SIGVALDADÓTTIR
2026-10-22 14:49:22 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
FANNAR ÖRN ÞORBJÖRNSSON
2026-10-22 14:54:33 GMT
Ástæða: Undirskrift

VIÐAUKI I VIÐ LEIGUSAMNING

UM SKÓLAHÚSNÆÐI

1. Aðilar leigusamnings:

Leigusali: Terra Einingar ehf. kt. 711292-3309, Hringhellu 6, Hafnarfirði

Tengiliður leigusala: Fannar Örn *Þorbjörnsson- fannar@terra.is – 6257000*

Leigutaki: Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík vegna Eignasjóður Reykjavíkurborgar kt. 570480-0149

Tengiliður leigutaka: Ragnheiður Sigvaldadóttir – ragnheiður.sigvaldadottir@reykjavik.is

2. Skilgreining hins leigða:

Hið leigða er skólahúsnæði alls 177,8 m^2 að stærð samkvæmt fylgiskjali 1. Húsið er staðsett á lóð Laugarnesskóla, Kirkjuteig 24, 105 Reykjavík. L104598. Einingarnar standa austan megin á lóðinni og tengjast kennslustofum á einni hæð sem fyrir eru eins og sjá má á fylgiskjali 2. Húsin hafa verið nýtt sem aukahúsnæði fyrir starfsemi skólans frá september 2020.

Við undirritun viðauka þessa breytast einungis þær greinar sem tilgreindar eru að neðan. Leigusamningur aðila með undirritaður þann 19. maí 2025 heldur gildi sínu að öllu öðru leyti.

3. Leiga, leigutími og uppsögn leigusamnings:

Leigutími samnings eru 36 mánuðir og tekur viðauki þessi gildi við afhendingu húsnæðis tilbúið til notkunar. Að loknum gildistíma myndast ótímabundinn samningur milli aðila, með gagnkvæmum 6 mánaða uppsagnarfresti.

Umsamin leigukjör fyrir hið leigða miðast við leiguverð í september 2026 í eldri samningi kr. 1.206.339,- fyrir fullan mánuð og rétt hlutfall þar af fyrir hluta úr mánuði. Leigufjárhæð er með lögbundnum virðisaukaskatti.

Leiguverð tekur breytingum mánaðarlega í samræmi við þróun vísitölu neysluverð til verðtryggingar samkvæmt Hagstofu Íslands. Vísitala í september 2026 miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar samkvæmt Hagstofu Íslands 693,2. Við afhendingu húseininga tilbúið til notkunar og þar með upphafsdegi gildistíma viðauka þessa uppfærist ofangreint verð miðað við þróun framangreindrar vísitölu.
Ef ekki er hægt að styðjast við framangreinda vísitölu eða hún er ekki lengur virk vegna aðgerða opinberra aðila geta samningsaðilar krafist endurskoðunar á leigukjörum með 10 daga fyrirvara, þar sem leitast skal við að nota breytingastuðul samkvæmt venjum á þeim tíma.

Leigutaka ber að standa skil á húsaleigu mánaðarlega fyrir fram og er gjalddagi leigunnar 1. dagur hvers mánaðar fyrir viðkomandi mánuð. Reikningar leigusala skulu berast leigutaka 25 dögum fyrir gjalddaga til að dráttarvextir teljist réttmætir.
Húsaleiga er innheimt með útsendum reikningum af hálfu leigusala. Reikninga skal senda á Reykjavíkurborg Eignasjóð kt. 570480-0149, b/t borgarbókhalds Borgatúni 10-12, 105 Reykjavík eða bokhald@reykjavik.is


Verkbeiðnanúmer samnings er 24062 og skal það koma fram á reikningum sem berast vegna þessa samnings.


4. Sérákvæði, ágreiningur:

Aðilar hafa kynnst sér efni viðauka þessa og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni. Ábyrgðaraðili leigutaka, f.h. Reykjavíkurborgar, skrifar undir samning þennan með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Reykjavík október 2026




Fylgiskjal 2
Laugarnesskóli
24
K8-B
K91-C2
R5
K-18B
K99-E
K100-E
K-113E
K-95E
G-1R
T-61
H-3B
K-121L
Hof